

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 111/2012

2012/EES/56/09

frá 15. júní 2012

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 95/2012 frá 30. apríl 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/314/ESB frá 12. maí 2011 um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar undirkerfið „rekstur og umferðarstjórnun“ í almenna, samevrópska járnbrautakerfinu ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum ákvörðunar 2011/314/ESB fellur úr gildi 1. janúar 2012 ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/920/EB ⁽³⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Texti liðar 37k (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/920/EB) í XIII. viðauka hljóði svo:

„**32011 D 0314**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/314/ESB frá 12. maí 2011 um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar undirkerfið „rekstur og umferðarstjórnun“ í almenna, samevrópska járnbrautakerfinu (Stjtið. ESB L 144, 31.5.2011, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2011/314/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. júní 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. júní 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 248, 13.9.2012, bls. 33, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 50, 13.9.2012, bls. 38.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 144, 31.5.2011, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 359, 18.12.2006, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.